ERLENT



Reuters

Hirst, Lucas og Fairhurst.

Damien Hirst í Tate-safninu

TATE-listasafnið í London hýsir þessa dagana sýningu á verkum listamannanna Damien Hirsts, Sarah Lucas og Angus Fairhursts. Sýningin nefnist In-A-Gadda-Da-Vida og má þar finna, að sögn gagnrýnanda breska dagblaðsins *Daily Telegraph,* öll helstu sérkenni listamannanna, sem gjarnan hafa verið nefndir Young British Artists – eða Ungu bresku listamennirnir, m.a. brons-górillur, sígarettuskúlptúra og rotnandi hræ Hirsts. Að sögn blaðsins má líkja sýningunni við eins konar framþróunarskýrslu á ferli listamannanna þriggja, sem nú eru reyndar að nálgast fertugt en hafa þekkst og unnið saman allt frá námsárum sínum. Þannig eiga verk þeirra að kallast á, styrkja hvert annað og minna áhorfendur jafnt á það sem sameinar þau sem það sem skilur þau að, auk breytinganna sem orðið hafa í list þeirra Hirst, Lucas og Fairhursts í gegnum tíðina.

Inka-múmíur finnast í Perú

FORNLEIFAFRÆÐINGAR tilkynntu á dögunum um fund á múmíum frá Inka-tímanum í útjaðri Lima, höfuðborgar Perú. Að minnsta kosti 22 múmíur fundust við uppgröftinn, og hafði vefmiðill *Voice of America* eftir Guillermo Cock, sem fer fyrir uppgreftrinum, að múmíurnar væru frá tímabilinu 1470–1530.

Þúsundir múmía hafa fundist í Perú á undanförnum árum.

Syndir á sviðinu

HNEYKSLISMÁL kaþólsku kirkjunnar í Boston, er sneri að kynferðislegri misnotkun presta á börnum, hefur nú verið gert að leikriti sem frumsýnt var í Chicago í vikunni. Verkið nefnist Sin: A Cardinal Deposed og eru flestar orðræður verksins byggðar á yfirlýsingum sem gefnar voru út vegna kirkjulegra réttarhalda vegna málsins á árunum 2002 og 2003, en að auki er byggt á bréfum og yfirlýsingum rómverskkaþólskra presta, lækna, fórnarlamba og foreldra þeirra. Verkið hefur vakið sterk viðbrögð að sögn *New York Times,* sem segir áhorfendur marga greinilega vera hrærða, en í leikritinu er dregin fram lifandi mynd af viðbrögðum Bernard Law, kardínála í Boston, við þessu hneykslismáli í erkibiskupsdæmi sínu. Hluti af áhrifamætti verksins er þá, að mati blaðsins, að það byggist eingöngu á raunverulegum atburðum.

Yfirvöld kirkjunnar hafa ekki viljað tjá sig um verkið.

Hlutverkaleikir

MYNDLIST

Gallerí Kling og Bang
BLÖNDUÐ TÆKNI, EIRÚN SIGURÐARDÓTTIR
Til 28. mars. Opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl.14–18.

Ásmundarsafn
PÝRAMÍDARNIR BLÖNDUÐ TÆKNI, ERLING Þ.V. KLINGENBERG
Til 28. mars. Ásmundarsafn er opið daglega frá kl. 13–16.

Gallerí Sævars Karls
LJÓSABIÐA, LJÓS, INGA ELÍN OG RAGNHEIÐUR INGUNN
Til 18. mars. Opið á verslunartíma.

SÝNINGAR þeirra Eirúnar Sigurðardóttur í Kling og Bang og Erlings Þ.V. Klingenbergs í Pýramídaröð Ásmundarsafns fjalla báðar um hlutverkaleik þó að á ólíkan hátt sé. Verk Eirúnar sýna á beinskeyttan og hnyttinn hátt karl- og kvenímyndir en Erling fæst við að birta á kaldhæðinn en um leið hálfnöturlegan hátt hlutverk listamannsins og kannski þá aðallega hins hvíta gagnkynhneigða karlmanns í vestrænum heimi í dag.

Dulinn máttur gervinaglna

Gervineglur hafa áður orðið Eirúnu efniviður í áhrifamikil og hnyttin ljósmyndaverk en nú heldur hún áfram með þetta þema sem er gegnumgangandi í sýningu hennar, að hluta til a.m.k. og verður tákn pjatts, tilbúins kvenleika, ógnar og grimmdar. Á sýningu sinni varpar Eirún upp nokkrum flötum á sígildu viðfangsefni, ímyndum kynjanna og þá aðallega ímynd konunnar. Ljósmyndaröð sýnir par í sígildum kven- og karlmannsstellingum skipta um hlutverk þar til konan situr gleið með útglennta fætur á meðan karlmaðurinn krossleggur sína bljúgur. Önnur mynd af parinu er gerð í gömlum stíl en með óhefðbundnum svipbrigðum og stellingum. Þriðja ljósmyndaserían sýnir konu og barn í skóglendi og eins og í fleiri verkum notar Eirún hér minni áhorfandans til að skapa stemmningu verksins, ekkert á myndunum birtir okkur aðsteðjandi ógn en allt það magn af amerísku rusli sem hefur farið í gegnum höfuð þess sem skoðar skapar í huga hans yfirvofandi hættu sem steðjar að varnarlausri konu og barni í skógi eða almenningsgarði. Hér eins og í fleiri verkum kemur ógnin þó líka innan frá, birtist á lítilli saklausri hendi. Teikningar Eirúnar af „ritarafuglinum“ eru kraftmiklar og það sama má segja um stuttar teiknimyndir sem hún sýnir í litla herberginu inn af, en það rými er góð viðbót við annars frekar takmarkað rými Kling og Bang.

Eirún er á svipuðum slóðum í list sinni og leikkonurnar í „Slap the pony“, enda er hún af svipaðri kynslóð kvenna og býr við sama efnishyggju-framapots-kvenna-í-krísu-samfélag, svo það er e.t.v. ekki að undra. Eirún er bæði fyndin og beinskeytt án þess að vera allt of yfirborðsleg í verkum sínum og það er með verk hennar eins og með verk Gjörningaklúbbsins á stundum, að því opnari sem þau eru því sterkari verða þau, þau verk sem bjóða upp á of einfalda túlkun lifa styst.

Listamaður í krísu

Erling Þ.V. Klingenberg hefur í nokkur ár tekið að sér það hlutverk að vera eins konar hirðfífl, sá sem bendir á það sem miður fer með því að gera grín að sjálfum sér. Grínið hefur þó alltaf alvarlega undirtóna, ekki síst finn ég fyrir þeim hér. Oft er það sá sem mest gerir grín sem hvað mest liggur á hjarta og kraftur og einbeitni Erlings sýnir klárlega að hann hefur margt að segja. Myndbandið sem Erling sýnir nú er að mínu mati sterkasta verk hans hingað til, með því veltir hann upp spurningum um hlutverk og hegðun listamannsins á óþægilegan hátt. Grímuklæddi maðurinn sem stöðugt reynir að halda jafnvægi á blindri ferð er óhugnanlegri en aðrar týpur sem Erling hefur kynnt til sögunnar. Það er athygli vert hversu mjög þessi karakter Erlings vekur upp amerísk kvikmyndaminni, líkt og verk Eirúnar vitna óbeint til vestrænnar ímyndaframleiðslu, þetta sýnir klárlega hversu samdauna samfélag okkar er orðið gildum og hugmyndum þeim sem ríkja í okkar vestræna heimi, hversu lítið hlutverk okkar íslenska bakgrunns getur stundum verið. Grímuklæddi maðurinn minnir helst á persónu úr Föstudagurinn þrettándi VII eða einhverri álíka hryllingsmyndaframleiðslu, nema hvað hann er ráðvilltur og veit ekki hvert hann stefnir.

Gosbrunnur Erlings er svo enn ein kaldhæðin ádeilan á svokallaðan sköpunarmátt listamannsins. Sem dæmi um breytta tíma má skoða þetta verk með hliðsjón af ljósmyndaverki ameríska listamannsins Bruce Naumanns „Portrett af listamanninum sem gosbrunni/uppsprettu“, frá sjöunda áratug síðustu aldar, en hún sýnir listamanninn spýta út úr sér vatnsbunu. Á sínum tíma var þessu verki Naumanns líklega ætlað að vera eins konar óður til listsköpunar sem byggði á því sem hendi var næst, sem ekki var heilög, sem ekki var efniskennd. Kannski var líka í því vísir að sömu ádeilu og felst í verki Erlings, ádeilu á ímynd listamannsins sem uppsprettu, ádeilu á 19. aldar ímyndina um listamanninn sem innblásinn snilling, þá allt of lífseigu ímynd. En Erling gengur miklu lengra en Bruce með hugmynd sína og gosbrunnur hans býr ekki yfir krafti bununnar hjá Naumann heldur lekur hér bunan án afláts úr munninum líkt og endalaus listframleiðslan sem fer svo stöðugt í sjálfhverfan hring og bunar aftur út. Afstaða Erlings er öllu svartari og bölsýnni en Bruce hér forðum. Hér má velta því fyrir sér hvernig hægt væri að deila á listamanninn sem hugmyndasmið án þess að vera sjálfur listamaður og hugmyndasmiður? Er hægt að stíga út fyrir rammann sem verið er að deila á?



Húmor og líkamleg nálgun við arkitektúrinn einkenna ljós Ragnheiðar Ingunnar hjá Sævari Karli.



Eirún Sigurðardóttir er beinskeytt, fyndin og margræð í Kling og Bang.



Erling Þ. V. Klingenberg eys af brunni sköpunarmáttar síns í Ásmundarsafni.

Sá á kvölina sem á völina

List þeirra Erlings og Eirúnar er dæmigerð fyrir samfélagið sem við búum við í dag. Verk þeirra sýna listavel aðstöðuna sem við búum öll við í dag, sem manneskjur og listamenn sem eru stöðugt að velja og hafna, í sífelldri mótun og aðlögun hefðbundinna hlutverka, sem konur og karlmenn, listamenn eða læknar...

Ljósalist hjá Sævari Karli

Á allt öðrum nótum er sýning þeirra Ingu Elínar og Ragnheiðar Ingunnar sem nú sýna ljósaverk í sýningarsal Sævars Karls. Verkin sem þær sýna falla þó frekar undir hattinn listræn hönnun en samtímalist. Það eru helst verk Ragnheiðar Ingunnar sem vekja eftirtekt en í þeim samræmir hún á tilfinningaþrunginn hátt ljós, arkitektúr og sterka líkamlega tilfinningu. Í þessum verkum kemur saman tilfinning fyrir húmor, hugvitssöm framsetning á blessuðum snúrunum sem alltaf fylgja ljósum og allt að því of sterk líkamleg tilfinning, sterkust í verkinu sem minnir á tvö brjóst sem koma út úr veggnum. Þetta verk minnti mig á mjaltavél fyrir litla fyrirburatvíbura sem ekki geta enn drukkið sjálfir og varð fyrir vikið í mínum huga næstum óþægilega líkamlegt. Hér er þó frekar um að kenna ofvirku ímyndunarafli konu með barn á brjósti heldur en ætlun listakonunnar en er um leið kannski lýsandi dæmi um það hversu sjálfstæðu lífi hlutir geta lifað í huga áhorfandans, óháð ætlun skapara þeirra. Það gengur vel upp að sýna listræna hönnun í þessum sal og það má láta sér detta í hug að sýningarsalur Sævars gæti sérhæft sig í að vera vettvangur ungra og framsækinna listrænna hönnuða en þá vantar stað til að koma verkum sínum á framfæri.

Ragna Sigurðardóttir